

Gert 14 júlí 2016

Trúbadorar! Er ekki svo?

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.
Texti: KRF, sé ekki annað tekið fram.



Fyrst pælingin.

Mörgum er hugleikið að vera fólkið sem bryddar upp á nýju sem engin áður hefur látið sér til hugar koma að gera en það sjálft fór út í og uppskar nothæft verk. Allt slíkt er mörgu fólki spennandi hugsun. Að ekki sé talað um reynist í því vitglóra, sem oft líka er. Svona koma framfarirnar. Þær kvikna með hugmyndum sem ýtt var úr vör og náðu fullkláraðar upp á hinn bakkann þar sem við fengum að sjá þær. Af slíku er hægt að verða smávegis montinn þó ekki sé það sérlega gagnlegt. Í mörgum blundar hugsun brautryðjanda. Sumir líka eru brautryðjendur. Kannski þú? Kannski ég?

Allskonar er í gangi og í mörgu þælt og ýmsu velt upp. Af fæstu varð af margskonar ástæðum. Ein er að við frekari skoðun reyndist hugmyndin ekki eins sniðug og í fyrstu leit út fyrir og útkoman að ekki væri grundvöllur að fara lengra með alltént þessa. Hin ástæðan er, máski algengari, allar úrtöluraddirnar sem slæddust í hópinn, líka kallað "raunsæisfólk" og gerðu að verkum að úr öllum áhuga dró þó hugmynd væri áhugaverð en náði samt ekki lengra en sem teikning á eldhúsbordí eða í kolti manneskju. Slæmt þegar svoleiðis fer. Fleiri ástæður gætu legið til grundvallar því að ekkert meira var aðhafst. Samt eru þær sem hér eru nefndar, samanvið letina, ekki gleyma henni, algengastar og oftast hið sanna í málum. Kjark þarf og festu til allskonar framkvæmda.

Vissa og grunduð áætlun er gott innlegg. Vel í lögð hugmynd krefst útskýringar til að þeir sem þurfa að sjá átti sig á hvað viðkomandi sjái sjálfur og skilji betur um hvað hugmynd fjalli. Gott skipulag skýtur stöðum undir verkefni og öndvert minnkar möguleika hinna á að segja: „Stoppaðu! Snúðu þér að öðru". Fyrsta skrefið til að verjast öllu svona er að hafa sjálfur trú á. Hve oft hefur maður ekki séð þetta? Fullvissa manns drífur hann langt.

Viska er afl sem engin skildi varpa dyr né gera lítið úr. Hún í sumum tilvikum gætti hvatt fólk til að hætta við og leita annarra leiða heldur en komin er á blað. Í öðrum tilvikum gildir hið gagnstæða að brúnir manna lyftist af því sem augun sjá. Sjálfsagt og eðlilegt er að leggja

hugmyndir fram fyrir annað fólk sem vitað er að lumar á þekkingu og menn telja mögulega fylgjandi verkefni sínu. Þetta fólk mögulega betrubætir hugmynd. Og betur sjá augu en auga.

Engin okkar vill sóa fjármunum þó það sé engin ný bóla. Áhættu verða menn þó að taka þar sem hún á við og stundum tapa fé og er hluti svona ferla. Heimska gengur um meðal okkar og líka sönn viska. Af bæði má læra. Guðleg viska kemur af trú og undirstrikar auðvitað nauðsýn hennar vilji menn hafa lifandi Guð með sér í öllu því sem þeir taka sér fyrir hendur.

Auðvitað verða menn að fara að öllu með gát. Oft má sjá gönuhlaup sem endaði afvelta og gjaldþrota ofan í skurði. Þar sem viska er með eru mál lögð fram fyrir fólk sem vegur og metur allt með hinum. Útkoman er sterkari, áhrifameiri og raunsærri. Engin þarf að enda með sitt út í fúamýri.

Engin er óskeikull og augljóst mál að fleiri fá mögulega gert planið áhugaverðara. Skiptir máli. Hugmyndir fólks eru ekki eitthvað eitt. Þær eru margt.

Þó til séu skýjaglópar sem fljúgi án vængja og neins búnaðar og stefna beint upp til skýjanna til þess eins að brotlenda, að þá eru einnig á meðal okkar fólk sem frá upphafi plansins hafði báðar fætur á jörðinni.

Sumt sem rennir sér gegnum huga fólks er ekkert vit í og kemur í ljós við frekari skoðun að er. Hyggindi þurfa sem sjá má að komist að. Hví halda menn annars að þau séu þarna nema til að fá að leggja gott inn og forða mönnum frá vandræðum, tjóni og óbætanlegu. Ofaní máski mannorðsskerðingu?

Tónlistin og fólkið sem hana iðka eru vissulega margt hvert hugmyndaríkt fólk og er ekki undrunarefni í sjálfu sér með það til hliðsjónar að tilheyra deildinni sem vill vera á hreyfingu og leiðist

lognmollan. Fátt er skemmtilegra heldur en að fást við verkefni sem er fyrir manni spánýtt og þarf að vinnast frá grunni. Allt í lífinu hefur sinn eigin grunnpunkt. Líka trúin. Hún hefur Jesú og Orðin hans sem upphafsstef.

Tónlist á líka sitt eigið grunnstef sem höfundur getur ekki bent á en veit að er þarna. Í uppbyggingu allrar tónlistar gildir ákveðin grunnur sem allt hitt þarf á miðast við. Þó frjálsræði í þessari og annarri sköpun sé nokkurt er samt fráleitt að ætla að hægt sé að fara bara eitthvað með það sem ofaná grunna er lagt. Sumir hafa komist að raun um hvert grunnstefið sé og einnig að hafi í sér nokkurn sveigjanleika sem sköpunarkraftur í manneskju hvetur hana í að nýta. Hver grunnpunkturinn í tónlist er vita eflaust fræðarar í tónlist og tónmenntað fólk sem við það skilur betur stefið og uppbyggingu tónlistar. Hugsið ykkur. Öll flóra tónlistar rekur sig til grunnstefs. En hvað strangt til tekið í lífinu gerir það ekki? Bendir þetta á annað en lifandi Guð?

Höfundur er þeirrar skoðunar að stöðnum sé meira afstaða fólks en nokkuð annað og meira en raunveruleg fyrirstaða. Ekki svo að skilja að verkum ljúki ekki og að þau, hvert fyrir sig, komist á endapunkt. Er enda ekki verið að tala neitt um það.

Sé allt eins og vera ber fá verk, eitt og sérhvert, sín eigin blæbrigði með sköpunarkraftinum sem hefur sín áhrif undireins og manneskja hefst handa og áhugi á verkefni vaknar. Vel má líta á hljómplötu sem eitt verkefni þó hún samanstandi af mörgum söngvum. Samstæð heild gefur henni visst yfirbragð. Að því ber að stefna. Sé verkið ekki heilsteypt verður það tætingslegt þó hvert lag fyrir sig sé máski fallett en samt of ólík hvoru öðru í grunnin til að birta heilstætt verk. Mörgum fannst "Hvíta albúm" Bítlanna, tvöfalda albúmið sem út kom 1968, vera á sinn hátt merkt þessum tætingi þó þar leynist vissulega gullkorn eins Blackbird, Piggies, I Will, Julia og fleiri söngvar. Allt samt svolítið úr sitt hvorri átt og virkar svolítið sem án skipulags, og heildarútlits því ekki nægjanlega gættis.

Bara dúkkan Barbie hefur sama útlit þó milljónir eintaka séu til af brúðunni. Enda hugsun og verk skapandi manneskju sem mót er búið til af og sett gegnum vélar sem útbýr eins mörg eintök og menn vilja. Engin brúðanna hefur í sér líf. Maður getur bara skapað. Þó ekki sé saman að jafna má samt á vissan hátt segja sama um Guð er hann réðst í að móta mann úr leir jarðar sem að því loknu lá eftir á jörðinni eins og allar hinar stytturnar. Hefði hann ekki aðhafst neitt meira hefði þessi leir aldrei fengið afl til að ljúka upp augum sínum né rísa á fætur. Það er hér sem Guð stígur sjálfur fram sem þá Guð í öllu veldi sínu er hann beygir sig yfir manninn og blés hluta af sér sjálfum í gegnum nasir hans. Þá kviknaði líf sem Guð einn getur kveikt nema hann einn, þó maður fái skapað dauðan hlut eins og Barbie. Sem á sinn hátt má sjá í fegurð eins og öllu góðu handverki.

Líkt og menn vita að þá hefur hinn dáði og virti tónlistarmaður íslendinga Björgvin Halldórsson verið á sviði í áratugi og nú í nokkur ár haldið sýningar sem hann nefnir „Jólatónleikar Björgvins“, sem er flott sýning og á íslenskan mælikvarða mikil að vöxtum og glæsileg. Björgvin hefur sagt um þessa sýningu sína að engar tveir séu eins.

Skapandi listamaður staðnar ekki heldur er með sitt á hreyfingu. Í eðli sköpunarkraftsins er að fara með verkefni í eilítið aðra átt næst. Höfundur skilst að þessir jólatónleikar séu í vinnslu meira og minna allt árið.

Ekki er til framfara nokkrum manni að telja sjálfa sig staðnaða manneskju. Enda bara röng afstaða hvar sem hún er viðhöfð. Sköpunarkrafturinn innra með manneskju er stærri og hann heimilar enga slíka afstöðu. En vilji manns ræður. Velji ég að sjá stöðnun sigla inn til mín og samþiggi hana og segi um: "Þannig fór um sjóferð þá"- er það bara ákvörðun mín. Sama gildir standi ég fyrir framan spegill og bendi á sjálfan mig og segi: „Þú ert búin að vera“- Allt uppgjafatal og afstaða sem engin manneskja skildi velja fyrir sig sjálfa að ígrunda né beygja sig undir. Lífið og sköpunarkrafturinn innra með fólki er til að berjast fyrir og hafa fyrir.

Málið með fólk með getu til að skapa er rétt eins og hjá mörgu öðru að vilja á einhverjum stað setjast í helgan stein talandi sjálft sig inn á að hafa aðhafst nóg og að tími sé kominn fyrir yngra fólk að taka við keflinu. Sem vitaskuld gerist en segir ekkert um að manneskjurnar sem fyrir séu víki. Og hví? Allir menn finna sjálfir hvort ennþá logi eldur. Slokkni eldurinn er sjálfhætt.

Sköpunargáfan spyr ekki um aldur. Hér má benda á mann eins Steven Spielberg kvikmyndaleikstjóra sem fæddur er í desember 1946 og stendur á sjötugu 18 desember 2016 og er enn að framleiða áhugaverðustu og best gerðu kvikmyndirnar. Aldur fólks er afstæður er kemur að sköpun. Ferskleikinn viðhelst. Þetta hefur maður fengið að sjá en kemur samt ekki veg fyrir að fólk á köflum séu verstu letihaugar sem inn á milli þarf ærlegt spark til að fá hrist af sér slen.

Sköpunarkrafturinn viðhelst og menn eru almennt sammála um að John Lennon hafi farið með tónlist sína inn á nýjar lendar í músík eftir að sólóferill hans hófst og Paul á sinn hátt líka á sínum. Hinir tveir, Ringo og George, komu og sterkir inn með sitt tónlistarframlag. Að vísu er allt sem þessir menn gera miðað við verkin sem þeir unnu í The Beatles. Og verður víst erfitt að ráða við það.

Víkjum örstutt að öðru

Þó ekki sé mikið til skráð um hugmyndina né höfundur hafi séð nánari útfærsla á henni og að hugmynd þessi sé að mestu leiti óstaðfest munnmæli er samt nokkuð algengt álit fólks að Sir Paul McCartney hafi haft uppi hugmyndir um tónleika sem yrðu teknir upp á band og á filmu með nýju efni með Bítlunum og gefnir út sem þá ein Bítlaplatan og að tónleikarnir færu fram um borð í skipi. (Höfundi minnir að pæling McCartney hafi verið í gangi er næst síðasta hljómplata Bítlanna "Let It Be" er enn í vinnslu. Ekki mann höfundur, vissi máski aldrei, hve langt hugmyndin náði né heldur hvort hún komst á umræðustig í hópnum).

Hver í grunninn þælingin var er hugmyndin ein sú flottasta sem höfundur nokkru sinn hefur heyrt og raunverulega harmar að ekki hafi orðið neitt af. Og er örugglega ekki einn um. Munum! Engar alvöru hljómleikaplötur af Bítlastofni eru til. Þær sem eru til eru allt plötur sem innihalda öskur og óp áheyrenda. Kannski að hljómleikarnir upp á þaki byggingu þeirri sem Apple- útgáfan er til húsa í og fram fóru 30 janúar 1969 séu leifar hugmyndar Sir Paul um bátinn. Alltént var tónlist af skífunni "Let It Be" notuð á þessum frægu tónleikum Bítlanna. "Let It Be"- hljómplatan kom út mánuði eftir að The Beatles voru hættir en tekin upp í febrúar 1968.

Tónleikar á þaki Apple- byggingarinnar í janúar 1969 voru þeir síðustu sem Bítlarnir héldu þó engin þá hafi rennt grun í neitt slíkt en kom í ljós rúmu ári síðar með yfirlýsingu Paul um að hann væri hættur í Bítlunum. Með þaktónunum náðu The Beatles að kveðja aðdáendur með stæl. Tónleikarnir komu fyrir almenningsjónir eftir að þeir voru opinberlega hættir störfum. Sama á við um kvikmyndina "Let It Be" sem sýnd var víða um heim og þótti merkileg heimild.

Skodum næsta lið

Leo Sayer.



Tónlistarmaðurinn, segir maður ekki trúþadorinn?, Leo Sayer var um tíma gríðarlega vinsæll og gaf út fjölda platna. Hann átti talsverðum

vinsældum að fagna hér uppi á Íslandi og var með lög á íslenskum vinsældarlistum á sínum tíma. Í desember 1976 fer lag eftir hann efst á lista í New York og heitir "You Make Me Feel Like Dancing" sem margir kannast við og muna eftir og vita að er í diskóstíl sem þá var vinsælt og mörgum hugnaðist hreint prýðilega.

Sayer er Breskur lagahöfundur, hljóðfæraleikar og söngvari en er í dag komin með ríkisborgararétt í Ástralíu þar sem hann er að sjá búsettur. Sayer er fæddur 21 maí 1948 í Shoreham í Sussex og á sér yngri bróðir og eldri systur og lítur á sig sjálfan sem hinn svarta sauð fjölskyldunnar, eins og hann sjálfur lét hafa eftir sér einhverju sinni í viðtali. Hann var skírður Gerard Hugh Sayer sem hann svo breytti í Leo Sayer og er þekktur undir því nafni víða um heim. Faðir hans er af ensku bergi brotinn en móðir hans rekur ættir sínar til Írlands. Leo sótti grunnskóla hjá kaþólikkum, í skóla heilags Péturs. Hann lærði og grafíska hönnun.

Í janúar 1967 vann Leo í sal Porter At The King hótelinu í Hove, Hove er bær á suðurströnd Englands, er eldur kom upp í hótelinu þá hjálpaði Leo við að bjarga gestum hótelsins út sem skemmdist af völdum eldsins á fyrstu hæð. Sjálfum var honum hjálpað út af smiðum sem unnu að viðgerð blokkar sem stóð við hlið hótelsins og komu að til aðstoða.

Upphaflega var hann uppgötvaður sem tónlistarmaður af öðrum tónlistarmanni David Country sem skynjaði hæfileika í þessum unga manni. (David Courtney var skírður David Cohen og er Breskur lagahöfundur og söngvari jafnamt því að vera plötuútgefandi). Leo Sayer hóf feril í Bretlandi árið 1970 og gaf út smáskífu sem rauk í fyrsta sæti vinsældarlista bæði vestan hafs og austan að ljóst er að talsverð viðbrögð hafa orðið hjá fólki er kappinn fyrst sté fram og lét að sér kveða með það sem hann átti og fólst í söng, lagagerð og öllu sem tónlist heyrir til.

Smá um annað



Hví leikarar, tónlistarmenn og listamenn, margir, fari út í að skipta um nafn er ekki gott að segja en er afskaplega algengt hjá þessu fólki eftir að það á annað borð sér í hvað stefni og ákvörðun komin sem ekki verði aftur snúið til baka með. Meðlimir The Beatles héldu sínu upprunalega nafni að undanskildum Ringo Starr sem var búinn að breyta nafni sínu áður en hann gekk til liðs við sveitina er þeir voru um það bil að stíga inn í hljóðver til að hljóðrita fyrstu L.P.- skífu sína "Please Please Me. Hinir að vísu veltu allskonar nöfnum upp sem eigin listamannanöfnum svona jafnframt spilamennskunni og áður en til Bítlalvörunnar kom en ekki varð neitt af þessu og við í dag þekkjum þá því undir skírnamnöfnum sínum, sem verður að teljast frekar óalgengt í listaheimi og einkum svokölluðum dægurlagaheimi.

Þó svona nafnabreytingar á meðal íslenskra músíkkanta sé ekki með öllu óþekkt hafa þær þó verið fágætar þó vel kunni að vera að hafi meira borið á þeim í veruleika listmálarans og höggmyndasmiðsins en dægurlagafólksins. Í heimi hljóðmanna kemur upp í hugann Megas (Magnús Þór Jónsson) og máski líka Bubbi Morthens (Ásbjörn Kristinsson Morthens). Líklegt er þessu aukanofn séu fleiri þó höfundur muni ekki eftir öðrum.

Að sjá eru íslenskir tónlistarmenn (2016) fúsari í svona breytingar á nöfnum en áður var. Kemur þar líklega til hversu allt er orðið opnara út fyrir landsteinanna fyrir þetta fólk en var á sjöunda og áttunda áratug seinustu aldar er hvorki gekk né rak fyrir íslenska tónlistarmenn sem reyndu fyrir sér erlendis. Auðvitað gleðileg þróun fyrir stétt íslenskra tónlistarmanna að leiðin til útlandi skuli standi þeim meira opin en lengst af viðgekkst.

Víkjum aftur að Leo Sayer.

Roger Daltrey söngvari The Who sendi um sumarið 1973 frá sér sólóplötu, komu mörg nöfn á plötunni mönnum ókunnuglega fyrir sjónir. Roger tók þá ákvörðun með gerð plötu sinnar að fara alveg ótroðnar slóðir í lagavali og valdi sér við hlið óþekktu höfunda sem hann bað um að semja fyrir sig söngva á plötu sína, sem gerðist og platan kom út eins og áður segir sumarið 1973 með þessum ókunnu lagahöfundum. Meðal margra nafna sem þar eru kemur fram þetta nafn Leo Sayer. Eftir að plata Daltrey var komin út vöktu lagasmíðarnar áhuga og menn hófu að kynna sér hverjir þessir menn væru á plötu Daltrey. Við þá eftirgrennslan kom í ljós að plötufyrirtæki eitt hafði látið hljóðrita heila L.P.- plötu með Leo Sayer fyrir réttu ári (líklega 1972 - 1973) og var ráðist í að gefa plötuna út, sem fékk nafnið "Silverbird" með útgáfuárið 1974 skráð á sig og er eins og margir sem þekkja til Leo hans fyrsta plata. David Courtney, sami og uppgötvaði hæfileika Leo á sínum tíma, sem sjálfur var að

mestu óþekktur nokkrum mánuðum fyrr, eins og Sayer, komst eins og hinn líka á allra varir og skömmum tíma.

Með útgáfu fyrstu plötu Sayer breyttist allt og árið 1974 svo komið að allir vissu nokkur deili á þessum tveim mönnum. Svona er þetta í heimi frægra á tímum tækni og fréttu og upplýsinga sem berast með ægihraða og allt er orðið breytt og menn sem áður einvörðungu náin ættmenni, vinir og kunningjar vissu á deili komnir á allra vitorð og fá um sig umræðu á götuhornum.

Hér má rifja upp orð John Lennon er Bítlaæðið var komið af stað og þeir til þess að gera nýstignir út af skítugum krám Hamborgar að John lét hafa eftir sér: "Fyrst þetta", og átti við kráran með fáum inni sem menn og konur komu inn á og fóru út aftur eftir eitt, tvö bjórglös: "Og svo þetta", og benti á breiður aðdáenda sem í hrifningu settu lófa fyrir andlit sín er kapparnir birtust hvort sem var örskotstund í glugga hótélherbergis sem þeir dvöldu á eða í eitt örskot fyrir í bifreið. Allt á einni nóttu. Menn sofnuðu eins og venjulega í máski gömlu loftlausu svefnaðstöðunni og vöknudu morguninn eftir við hávaða utan við gluggann og ljós kom að var frá aðdáendaskara sem uppgötvaði eitthvað fyrir sig í verkum þessara manna.

Þegar Leo Sayer hóf að starfa að sinni list og allt farið í gang tók hann líkt og sumir aðrir starfandi og frægir tónlistarmenn og hljómsveitir á þessum tíma, samanber David Bowie, Peter Gabriel söngvari Genesis, Alic Cooper, meðlimir hljómsveitarinnar Kiss, og fleiri sem komu fram í gerfum og búningum, einnig að koma fram í gerfi sem til að byrja með var í hlutverki trúðsins og málaður að hætti trúða. Þannig mætti hann áhorfendum sínum og áheyrendum með snjóhvítt andlit trúðsins og tilheyrandi rauðum deplum á kinnnum og undir augum klæddur trúðsfötum en samt ekki neitt einn á báti eins og fram kom hér ofar og fólk sem til þekkir veit að var í gangi á þessum tíma, og er máski enn. Sagt var um hann að undireins og hann hefði klæðst trúðsbúningum og gert sig kláran í hlutverkið hefði stigið fram allt annar maður en hinn sem settist fyrir framan spegilinn í

búningsherberginu og hóf undirbúning að komu hins. Alþekkt aðferð í veröld leikarastéttarinnar að menn setji sig í vissa stellingar áður en þeir stíga fram í sal. Kannski gríma, kannski snjallt bragð en samt eitthvað sem getur verið átak að losna frá aftur eftir að aðdáendur orðið þekkja sinn mann akkúrat svona og líkar máski við. Breytingar orka tvímælis í veröld þessara manna og kvenna sem sviðljósið beinist að hverju sinni.

Forsaga Leo er að margt var hann búinn að reyna áður en allt small saman. Fljótt gerði hann sér ljóst að í sér byggi listamaður, en tók hann talsverðan tíma að átta sig á í hvað formi það væri og með hvaða hætti hann ætti að tjá sína list, sem líkt og fólk veit hefur fjölmargar birtingarmyndir. Hann hóf ferilinn sem rithöfundur og skrifaði skáldsögu, en með litlum árangri. Ekki var það hillan hans. Þá tók hann til við að mála, en með sama og engum árangri. Þar næst byrjaði hann að skrifa texta og semja lög, og fór þá gæfuhjólið að snúast honum í hag. Svona gerist þetta hjá sumu fólki að það þreifur fyrir sér eftir að hafa gert sér ljóst að í sér blundi geta til listsköpunar. Hjá sumum tekur allt svona tíma á meðan aðrir eru fullvissir og geta sett upp rétta hillu fyrir sig. Aðalatriðið er að halda áfram. Saga margra þessar manna og kvenna er oft með þeim hætti skráð að vera saga þrautseigju og úthalds út í eitt sem gerir hana skemmtilegri. Maður sem ekki berst fyrir sínu að hvar endar sá?

Áhrifavaldar Leo Sayer teljast vera Leadbelly og Captin Beefheart, ef einhver skildi kannast við nöfnin.

(Leadbelly var skírður Huddie William Ledbetter. Hann fæddist 20 janúar 1888 og lést 6 desember 1949 og lék á tólf strengja kassagítar og einnig píanó, mandólín, munnhörpu og fiðlu. Lagaval Leadbelly - sjálfur skrifaði hann nafnið Lead Belly - var breytt og náði frá Gospel söngvum til Blúss og fjallaði um allskonar í textum sínum sem sumir fjölluðu um kynþáttafordóma, sumir um sjómenn, aðrir kúarekstur samalanna og allskonar annað sem einkennir líf fólks.

Captin Beefheard var skírður Don Van Vlit og er fæddur 15 janúar 1941 og dáin 17 desember 2010 og var bandarískur lagahöfundur, tónlistamaður og listamaður og þekktur fyrir öfluga söngrödd og breitt tónsvið. Hann gerði 13 stúdíóplötur á ferlinum sem að heyra eru áheyrilegir söngvar).

David Courtney, félagi hans sótti sína áhrifavalda á öllu kunnuglegri slóðir en hinn og til Bítlanna, Beach Boys og Randy Newman. Báðir komu úr sitt hvorum garðinum en tókst prýðilega að ná- og vinna saman og að semja tónlist sem skar sig úr. L.P. platan "Silverbird" er afrakstur samvinnu félaganna.

Í Englandi var sagt að engin kæmist hænufet áfram nema að hafa færán og kláran umboðsmann sér við hlið sem leiddi vissa hluti fram í þágu skjólstaðings síns. Leo Sayer var með Adam Faith sem kom honum vel áfram, sem að sögn margir eldri popparar ættu að kannast við. Máski að Adam þessi sé öllum gleymdur í dag. Faith og vinna hans fyrir Leo gerði að verkum að árið 1974 reis stjarna hans aldrei hraðar né heldur komst á meiri ferð, og er þá mikið sagt. 1974 var Leo Sayer stórstirni þeirra Englendinga. Bak við málað andlitið sáu menn ekki hlajandi trúð heldur alvarlega þenkjandi einstakling, sem vill bjóða heiminum byrginn með því sem hann hefur að segja. Árið 1974 hafði Sayer staðist ströngustu kröfur sem gerðar eru til manna tónlistarinnar. 1974 er líka árið sem nafn hans fyrst varð þekkt í Bandaríkjunum og víða annarstaðar í Evrópu. Samt flýgur tíminn áfram á velli popps og rokks og menn þar að berjast um á hæl og hnakka fyrir tilverurétti sínum og sumum tekst betur upp í þeim efnum en öðrum, eins og er í þessu.

Fréttir af Leo Sayer.

Þegar Leo Sayer kom fyrst fram málaður voru ýmsir sem töldu að nú væri enn einn komin fram á sviðið sem vildi verða frægur án þess að hafa neitt að segja né fram að bera sem verðskuldaði athygli fólks. Þetta reyndist ekki rétt því að Leo var margt til lista lagt með margt fram að færa, sem virðist hafa komið svolítið á óvart. Svona fer nú stundum dómharka fólks með það. Söngvar Leo fjölluðu oft um fólk sem einhverra hluta vegna höfðu orðið undir í lífinu, og kemur okkur öllum auðvitað við.

1975 kom út önnur plata Leo Sayer og heitir hún "Just A Boys" Þá voru líka í umferð með honum þrjár litlar skífur sem eru "The Show Must Go On, One Man Band, og Long, Tall Glasses". Leo Sayer getur þakkað Roger Daltrey mikið af velgengi sinni. Og auðvitað sér sjálfum einnig.

Prúðuleikararnir voru vinsælt sjónvarpsefni sjónvarpsstöðva víða um heiminn 1979 og líka hér uppi á Íslandi. Oft fengu Prúðuleikararnir til sín gesti sem var frægt fólk sem mikið kvað að og voru með hjá sér í þættinum. Í ágústmánuði 1979 sést í dagskrá Ríkissjónvarpsins að Leo Sayer sé auglýstur sem sérstakur gestur þessara ágætu Prúðuleikara, og er eins og höfundur minni að hafa horft á tiltekinn þátt þetta föstudagskvöld.


Oft tók maður eftir því hér á landi að stjórnur sem um tíma fengu gríðarlega umfjöllun um sig í íslenskum blöðum og oft var getið um á tímabili að þær skyndilega hættu að sjást þar á síðum og vissi maður ekkert meira hvað um þær varð og hélst með þeim hætti áratugum saman. Það gerðist ekki fyrr en með tilkomu Netsins og eftir að maður sjálfur fór að skoða hvað um þær hafi orðið að svör fengust og í ljós kom að oftast en ekki voru þessar gömlu kempur enn að og höfðu verið síðan þær hurfu úr íslenskum veruleika, þó ekki heyrðist múkk um þær þó annað væri upp á teningum er hæst stóð á vinsældarstönginni tengd þessu fólki. Leo Sayer er einn mannanna sem gersamlega "hvarf" en var samt að allan tíman og gerði margt af bara ágætu efni. Eftir hann liggja 19- stórar hljómplötur sem komu út

með mis löngu millibili og er nýjasta frá honum platan "Restless Years" 2015 og ekki annað að heyra en innihaldi ágætis söngva.

Sjálfum fannst höfundu lög Sayer ágæt og spilaði þau oft á sínum tíma og stendur sig enn af að læða undir "Nál" réttara sagt gegnum Spotify-forritið í dag. Átti hann allar útgáfur hans frá byrjun til líklega ársins 1982 er út kom út platan "World Radio", á reyndar kassettum, en engar eftir það.

Förum í næsta lið

Gilbert O' Sullivan



Gilbert O' Sullivan var eitt nafnana á áttunda áratug seinasta aldar sem
skaust upp á stjörnuhimininn og kom með marga söngva sem urðu

vinsælir og fólk söng og raulaði með sér sjálfu eða öðru fólki. Allt eftir kjarki og þori hvers og eins. Margir söngva Gilbert hafa lifað með okkur sem eldri erum og má þar nefna sönginn "Clair" sem margir kannast við og nokkuð örugglega ef það heyrðu hann.

(Í fyrsta sinn sem höfundur hlustaði á þennan ágætis írski söngvara var árið 1972 og hann þá starfandi á íslenskum síldarbáti í Norðursjó sem Héðinn hét með einkennisstafina ÞH, ásamt stærsta hluta íslenska síldarskipaflotans og skipið þá í vari við Setlandseyjar og stóð sína vakt upp í brú skipsins, eins og tíðkast við slíkar aðstæður til sjós. Útvarpið var á eins og oft áður. Heyrir hann þá söng með náunga sem hann mundi ekki eftir að hafa heyrt neitt í áður og einum skipsfélagi fannst flottur sem gerði að verkum að hann sjálfur fór að leggja við eyrun og komst að sömu niðurstöðu og hinn og fannst með hreinum ágætum. Aðrir um borð voru þessu sammála. Ekki er samt svo að skilja að Gilbert O' Sullivan æði hafi gripið áhöfnina. Var enda um margt annað að hugsa en það. Þó ekki muni hann fyrir víst hvað lag hann heyrði fyrst er samt ekki langt úr vegi að benda á sönginn "Clair" sem þá var nokkuð heitur og oft spilaður á útvarpsstöðvunum.

Algegnnt var að haustúthald síldveiðiflotans í Norðursjónum stæði frá september fram í desember og komið heim rétt fyrir jól. Ekki var heldur óalgegnnt að íslensku síldarsjómennirnir flyttu heim með sér einn til tvo kassa, og fleiri, af frosnum Dönskum kjúklingum með 12 stykkjum í kassa og borðuðu heima. Þeir tímar voru þá á Íslandi að almennilegir kjúklingar voru ófáanlegir í matvöruversluninni og það af hænsnakjöti sem til var af gömlum varphænum sem voru hættar að verpa og undir hælina lagt hvort menn gætu eldað sér og etið eftir nokkra klukkutíma suðu. Stundum gáfust menn upp á eldamenskunni og fengu sér pylsu til að fá eitthvað af næringu í magatetur sitt. Norðursjórinn og síldveiðarnar kenndu íslendingum hvernig almennilegir kjúklingar væru á bragðið, segir höfundur fullum fetum og telur sig hafa nokkuð til síns máls).

Áfram með hitt

En hver er hann þessi Gilbert O' Sullivan? Jú Gilbert er írskur píanóleikari, lagahöfundur og söngvari. Hann er fæddur 1 desember 1946 og skírður Raymond Edward O' Sullivan og á nokkur lög sem lengi hafa ómað með okkur og heyrast af og til eins og áðurnefnt Clair, einnig Alone Again, og Get Down, og fleiri söngvar.

7 nóvember 1973 er auglýst í Hljómveri á Akureyri tveggja laga hljómplata með honum og er lagið "Ooh Baby, sem margir kannast við. Á þessum tíma var reglan í þessu að gefin var út tveggja laga plata rétt áður en stóra L.P. hljómplatan leit dagsins ljós, til að brjóta með ísinn fyrir hina. Stundum voru þessar tveggja laga plötur einu sem komu. Stundum voru þær fjögurra laga. Allur gangur var á. Til gamans má geta þess að í sömu auglýsingu er efni með Magnúsi Kjartanssyni (Trúbrot) og Jóhanni G. Jóhannssyni (Óðmenn) kynnt. En þessir menn voru þá með smáskífur. Og eru þær plöturnar, I Know Its Town, (Magnús), og , Joe The Mad Rocker, (Jóhann).

Fjölskylda Sullivan fluttist til Battersea í London er hann var sjö ára að aldri og var það árið 1953 og að sjá síðar til Swindon, Wiltshire í Englandi. Swindon er bær í Wiltshire í suðvestur Englandi og stendur miðja veginni milli Bristol í vestri og Reading í austri. London er 114 kílómetrar frá í austurátt. Íbúatala Swindon er 185, 609 manneskjur. 1952 stækkaði bærinn talsvert sem leiddi til mikillar fólksfjölgunar.

Gilbert O' Sullivan var hvað vinsælastur á tímabilinu 1970 til 1980. Sjálfur segir hann að það að skrifa popplög sé það sem hann vilji gera, og það sem hann ætli að halda áfram að gera og hefur gefið í skin með nokkurri áherslu að hafa engan áhuga á að bara túra (halda tónleika) og lifa endalaust á fornri frægð og í fortíðinni. Svona mælir hin sanna sköpunargáfa í fólki og segir allt um það að vilji lifa fersk í hjarta manneskju og getur vel gert heimili eigandi hjartans slíkt. Yfirlýsing

Gilbert er mögnuð sem höfundur líkar við. Það verður maður bara að segja hreint út.

1967 undirritaði O' Sullivan fimm ára samning við April Music, CBS Record. Þar var honum bent á hvort ekki gæti verið sniðugt fyrir hann að breyta nafni sínu úr Ray í Gilbert sem líkleg er að hann hafi orðið við og eftirleidis kallað sig Gilbert O' Sullivan. Hann fékk fyrirframgreiðslu af sínum samningi sem hljóðaði upp á tólf Ensk Pund sem jafngilda árið 2015 tvö hundruð Enskum Pundum. Þessi upphæð nægði honum til að kaupa sér píanó og hefur áreiðanlega verið sitt happ í hendi fyrir fátækan tónlistarmanna að stíga sín fyrstu skref á braut tóna og söngs.

Eftir tvær árangurlausar tilraunir með söngva sem hétu "Disappear" og "Wat Can I Do?" og enn eitt fyrir írskt plötufyrirtæki að nafni "Major Minor" og sönginn "Mr. Moodys Garden", allt gefið út undir nafninu Gilbert O' Sullivan, voru send kynningarbænd til Gordon Mills, framkvæmdastjóra Tom Jones og Engilberts Humperdinck, sem leist vel á það sem hann heyrði, og Sullivan var með undir merkjum Mills og útgáfufyrirtækinu "Mam Record. Það verður þó að segja um Mills



þennan að hann virðist hafa haft mestu ímugust á ímynd þeirri sem O' Sullivan hafði skapað sér og reynt að hafa hann ofan af henni en Sullivan krafðist að fá að halda í og hóf sinn feril klæddur þessari ímynd sinni sem var stuttbuxur og axlabönd að hætti Enskra skólastráka. Merkilegt hvernig klæðnaður fólks vekur viðbrögð og stundum afskaplega hörð viðbrögð. Seinna breytti Sullivan útliti sínu hvort sem var til að mæta almenningsálitinu eða af öðrum ástæðum.

Í blaði frá 25 nóvember 1973 er frétt af poppstirninu Gilbert O' Sullivan um að hann hafi breytt klæðnaðinum og að gamaldags

skólapilturinn og gervi það sem hann klæddist, stuttbuxur og axlabönd, (sjá mynd ofar) að því öllu hafi verið varpað fyrir róða og að stigin væri fram manneskja klædd nýtísku klæðnaði, og mynd birt af honum frekar stutthærðum og umvafinn kvennafans sem saman halda á honum á milli sín og hann þá 26 ára að aldri og að sögn farin að borða mannamat og dýrindis steikur í hvert mál í stað eintómra franskra kartaflna, eins og sagt var að hafi verið uppistaða fæðu hans áður. Misjafnt er hvað fólki finnst skipta máli og hvað fréttæmt. Er svo stórstjarnan var spurð um nákvæmlega þetta atriði var svar hennar á þessa leið: "Ég hef skyndilega vaxið úr pilti í mann".

Margt bendir til að koma Gilbert O' Sullivan inn á frægðarsviðið hafi valdið dálitlu umróti í heimi blaða og tímarita þess tíma og einkum þeim sem fjölluðu um músík hverskonar og honum oft verið líkt saman við annan umtalaðan mann af bandarískum ættum frá sama tíma sem Tiny Tim heitir og var söngvari og fæddur 12 apríl 1932 í Manhattan, New York City og dáinn 30 nóvember 1996. Fólku hafa hlegið að útliti Tiny greysins. Vinsældir hans voru að sumra áliti samt hreint ótrúlegar þar vestra. Á Íslandi náði Tiny Tim aldrei neinum vinsældum sem eflaust skírir hví maður muni sjálfur ekkert eftir þessum ágæta manni og minnst þess heldur ekki að hafa heyrt þetta nafn fyrr en nú þó ljóst sé að hafi verið þarna með frá árinu 1962 og fram á tíunda áratug seinustu aldar og eftir hann liggi eitthvað af efni. Við hlustun er ekki annað að heyra en það sem hann sé að gera hafi verið í lagi með. Röddin er kvenleg og kannski eitthvað sem hann hefur þjálfað upp hjá sér. En sumir gera þetta og má benda á íslendinginn Sverri Guðjónsson söngvara sem notar þennan stíl með og tekst ágætlega upp. Margt grefst upp úr kistunni sem alla sögu geymir. Einnig er ljóst að sumt sem gerðist hinum megin hafs hvort sem er í vestri eða austri og hátt fór þar sigldi fram hjá íbúum eyjunnar bláu í norðri og engin angi barst af til.

Svipað þessu virðist hafa gerst í Englandi er Gilbert sté fram í sinni skólamúnderingu að koma hans vekur harða athygli og margt talað og skeggrætt á götum úti.

Þó er ljóst að mórallin er strax á öðrum nótum er kom að Gilbert O' sem öndvert við hinn, sem nefndur var hér ofar, var af mörgum talinn gæddur ágætis sönghæfileikum og vera með í sínum fórum lög hin ágætustu en kom samt ekki í veg fyrir að Breskum músíklöðum yrði annað en tíðrætt um mann þennan og lesendur sendu til blaða þessara línu þar sem þeir tjáðu sig um málið og settu fram sagnir um að þetta sé jafnvel enn verra hneyksli en Tiny greyið átti að hafa verið valdur að er hann tröllreið heimsbyggð allri.

Ekki voru samt allir sammála þessari samlíkingu fólksins og héldu meðlimir hljómsveitarinnar Tremeloes því fram að Gilbert O' Sullivan eigi sér engan líka, og eftir því sem Alan Blaikley lét hafa eftir sér við þetta tækifæri, þá hafi O' Sullivan meiri hæfileika í litla fingri en nokkur annar í öllu skrokknum. Alan Blaikley (fæddur 23 mars 1940 í Hamsted Gardens sem er úthverfi í London) samdi söngva fyrir marga og þar á meðal sönginn "The Legend Of Xanadu" fyrir hljómsveitina "Dave Dee, Dozy, Beaky, Mick & Tich"- sem margir muna eftir og mörgum líka fannst ágætis hljómsveit og þekka máski sönginn sem hér er nefndur. Og Alan heldur áfram og segir orðrétt: "Ég vil aðeins segja það að sú upplifun að kynnast honum (Gilbert O' Sullivan. Inskot höfundar) og hlusta á hann syngja og spila er svo stórkostlegt, að ég myndi gefa milljón hverjum þeim sem eftir það gæti þrætt fyrir að hann væri ekki snillingur. Og hvað varðar hár hans og klæðaburð, að þá hefur hann alltaf verið svona. Við unnum með honum fyrir allt að sex árum síðan og þá var hann svona. Hann hefur alltaf verið feiminn og óframfærinn og það er honum eðlilegt að sitja í horni og láta lítið fyrir sér fara". (Vikan 4 mars 1971).

Tremeloes tóku tvö lög Gilbert's og settu á L.P. sína sem fékk titilinn "Here Comes My Baby" og kom út 1967 og heita söngvar Gilbert á plötunni "You" og "Come On Home"

Á þessum tíma sagði Sullivan sjálfur, að allt hjá sér gengi samkvæmt áætlun og segir hér orðrétt: "Fólk getur verið eins heimskt og því sýnist í þessum bisniss, svo framarlega sem það getur gert eitthvað.

Fólk heldur því fram að ég vekti upp vorkunnsemi þess, en sama er mér. Það eina sem ég fer fram á er að fólk hlusti á mig og reyndi að finna eitthvað í því sem ég er að gera. Reyndið að bera mig saman við Tiny Tim og það gengur ekki, því að hann er heimskulegur og vitlaus út í gegn". (Vikan 4 mars 1971) - voru orð Gilbert O' Sullivan. Munum að orð þessi eru töluð út í hita þeim sem þá var uppi við og opinbera vissa hræringu sem verið hefur í kringum listamann þennan, eins og oft hefur gerst gegnum tíðina.

Og Gilbert heldur áfram: "Ég sendi þó allavega frá mér góð lög, skemmtilegar melódíur og það er hægt að dansa vals við nýjustu plötuna mína. (Mögulega platan "Himself" sem kom út með honum 1971. Innskot höfundar). Ó, mér finnst dásamlegt að dansa vals. Og ástæðan fyrir að ég er í stuttbuxum og með stutt hár - einu sinni var ég með sítt hár - og skírngin á því sú að ég vildi fá eins mörg eyru og augu og mögulegt væri. Ég vildi ekki hafa litla áheyrendahópa. En þetta er ekki falskt yfirbragð. Mér finnst gott að vera svona klæddur, svo að ég geri það.

Og ég er að ná til fólksins, sjáið til. Ég elskaði Bítlanna 40% fyrir músíkina og 60% fyrir ímyndina, útlitið. Bítlarnir voru bestir á sínu sviði og nú er ég að verða bestur á mínu.

Ég hef ekki áhuga á neinu nema músíkinni minni og það eina sem allir þessir peningar hafa gefið mér er að nú á ég fjögur píanó. Mig langar ekki í Rolls Royce, því mér finnst gaman að ganga, og ef mér liggur á, fer ég á hjóli." (Vikan 4 mars 1971)


1971 gaf Gilbert O' út þá yfirlýsingu að hann hefði lokið við taka upp L.P.plötu og er mögulega hljómplatan "Back To Front" sem er tvöföld stúdíópata frá kappanum tekin upp í London og kom fyrir almenningssjónir árið 1972 og þessi getið að myndi heyrast á Íslandi. Þar má heyra sönginn "Alone Again, Oh Wakka Doo Wakka Do" - og fleiri söngva sem áreiðanlega vöktu athygli.

Hvernig sem á því stóð að þá eignaðist höfundur enga plötu með þessum ágæta söngvara svo hann muni og eins minnr að hafi átt í erfiðleikum með að finna plötur með honum í plötuverslunum þeim sem hann kom við í og fletti gegnum bunkanna hvert sem var heima eða erlendis í siglingunum. Allavega rekur honum ekki minni til að í hans fórum væri nein til með þessum kappi þó á sinn hátt væri hrifin af söngvum hans og þekkt marga af þeim af hlustun þá í útvarpi.

Og sama gildi um Gilbert O' Sullivan og suma aðra sem oft rötuðu á síður fréttablaðanna hér heima að einnig hann gersamlega "hvarf" þaðan og heyrði maður ekkert meira um hann áratugum saman og rak í rogastans er maður svo fletti upp á honum á "Netinu" og sá öll þau kyntur af útgáfum eftir hann sem gersamlega fóru framhjá honum og sýndi með órækum kennimerkjum að hafa haldið sínu striki. Eftir Gilbert O' Sullivan liggja 24 stúdíóskífur og er sú nýjasta frá honum útgefin 8 júní 2015 og heitir "Latin Ala G" og var gefin út bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum eins og flestar hinn sem frá honum hafa komið á löngum ferli hans í tónlist.

Tökum á síðasta atriðinu

Lobo.



Víkur nú sögunni að enn einum einyrkjanum í tónlist sem nokkuð kvað að í upphafi áttunda áratugar seinustu aldar og teygði sig svolítið

fram í þann áratug í augum höfundar þó ferillinn sé talsvert lengri. Einyrki þessi náði að heilla Íslendinga með söngvum sínum sem þóttu fagrir og láta vel í eyrum og frambera fólki vissa fegurð og verður að viðurkennast að er og að enn megi heyra í þeim sömu fegurð og var er maður fyrst heyrði þá á sínum tíma og þeir enn "spenvolgir" og ferskir eins og frekast gat verið. Svona fá bara bestu og vönduðustu tónsmíðar afrekað og þeir einir sem gefa sig alla í sínar tónsmíðar og halda einlægninni gangandi til síðasta tóns. Líkt og sjá má eru víða með okkur fegurð til þess eins að ylja og bæta líf fólks.

Maðurinn sem hér er nefndur til sögunar kom í heiminn 31 júlí 1943 í Tallahassee í Flórída og er indíáni og er í dag 72 ára og verður 73 ára 31 júlí 2016. Hann var skírður Rolant Kent Lavoie en varð betur þekktur undir listamananafninu Lobo, og er Bandarískur söngvari og lagasmiður og hefur átt nokkra söngva sem rötuðu inn á Us Top 10 Hits listann í Bandaríkjunum.

Lobo er alin upp í Winter Haven á Flórída, sem er miðhluti ríkisins ásamt sex systkinum sínum. Hann hitt aldrei föður sinn og var ekki til síðs heima fyrir að tala mikið um hann. Hann vissi að móður sín söng í stórri hljómsveit og komst síðar að því að faðir sinn hefði verið gítarleikari í hljómsveit sem að sjá virðist hafa getið sér gott orð án þess að nafnsins sé getið. Engin annar en hann af systkinahópnum fékk áhuga í tónlist. Dag einn keypti hann sér flottan gítar eftir að krakkar í götunni höfðu bent honum á einn notaðan sem væri til sölu sem hann á eftir eignaðist. Einnig náði hann að fá sér lítinn gítarmagnara og byrjaði að æfa sig á gítarinn flotta sem krakkarnir höfðu bent honum á.

Hann hóf tónlistarferil sinn árið 1961 þá 18 ára gamall með því að ganga til liðs við starfandi hljómsveit sem þá var og hét The Rumours sem Gram Parson stóð að með einhverjum hætti og var um tíma einn meðlimi The Byrds. En í The Byrds komu margir við. (Gram Parson er fæddur 5 nóvember 1946 og dáinn 19 september 1973 og var komið að honum látnum á hótélherbergi sínu. Dánarorsökin

var of stór skammtur af eiturlyfjum og alkahóli og hann aðeins 26 ára gamall. Hörmulegt þegar miklir hæfileikar fara forgörðum með þessum hætti).

Áður en Lobo hóf sólóferill starfaði hann með nokkrum öðrum hljómsveitum eins og bandarísku hljómsveitinni The Uglies. Þar innansveita var maður að nafni Billy Aert sem vann með honum alltént um tíma og fór í hljómleikaferðirnar sem Lobo efndi til. Svo er að sjá að Lobo hafi stofnað hljómsveitina "The Suger Beats" ásamt Bill Demman bassaleikara. Hinir sem voru með þeim í þessu bandi eru Rick Emmert á trommum og Bill Ellington á gítar og svo Lobo, einnig á gítar. Þessi hljómsveit virðist hafa verið starfandi um tíma og látið frá sér nokkrar 45s plötur.

1971 byrjaði Rolant Kent Lavoie að kalla sig Lobo. Gerhard var framkvæmdarstjóri fyrir "Bigg Tree Record" og gaf félagið út fyrstu smáskífu Lobo sem innihélt lagið frábæra "Me And You And A Doc Name Boo" sem að líkindum varð eitt af hans allra frægustu söngvum gegnum tíðina og rataði inn á Bandaríska vinsældarlistann Top 10 sem þykir eftirsóknarvert öllu tónlistarfólki. Lagið rataði líka víða í efsta sæti á vinsældarlistum landanna, varð vinsælt út um allan heim, eins og sagt er.

Lobo er hlédrægur maður og eftir að lagið hans "Me And You And Doc Named Boo" var komið út um allt fór ekki hjá því að menn og konur vildu vita meira um manninn á bak við sönginn, þó sjálfum líkaði honum illa öll þessi athygli sem komin var, enda að eðlisfari hlédrægur maður og hæglátur herramaður og hefur tamið sér að ganga hægt um heimsins frægðar dyr og helst af öllu viljað halda sig fjarri skarkala hans og öllu sem heitir auglýsingastarfsemi. Samt hefur tónlist verið hans helsta hugðarefni frá því að hann sjálfur mann eftir sér og samdi lög og texta í mörg ár, en datt aldrei til hugar, að hann sjálfur gæti sungið, og varð því steinhissa þegar fyrsta plata hans varð svona vinsæl.

En frægðin krefst síns af frægum og ekki um neitt annað að ræða en láta undan henni, og hann byrjaði að koma fram í sjónvarpi, fara í hljómleikaferðir og kynna sig fyrir blöðunum.

Þó fyrst breiðskífa Lobo hafi hitti beint í mark var ekki sömu sögu að segja um plötuna sem kom á eftir hinni. Hún þótti ekkert sérstök og er mögulega hljómplatan "Close Up" sem út kom árið 1971 eða 1972. Aftur komust hlutirnir á hreyfingu árið 1973 er út kom platan "Of A Simple Man" sem innihélt meðal annars sönginn frábæra "I'd Love You To Want Me". Sú plata varð jafnvel ennþá vinsælli en fyrsta plata Lobo, sem þó gekk framúrskarandi vel.





1974 kom út með Lobo platan "Just A Singer" þar sem hann tekur til meðferðar söngva sem flokkast með uppáhaldsöngvum hans eftir aðra. Á plötunni eru lög eins og "Daydream Believer, Rings, Universal Soldier og Bítlalagið "I'm Only Sleeping" sem Lobo gerir hreint ágætis skil á plötunni og lag John Fogerty úr Creedence Clearwater Revival "Lody". Meðferð Lobo á lögum þessum þóttu með hreinum afbrigðum og má vel taka undir það sjónarmið.

Er plata þessi var kominn til Íslands átti Lobo fyrir eitt vinsælasta lagið á íslenskum markaði sem var söngurinn "Standing At The End Of The Line" og tilheyrði tveggja laga plötu frá kappanum sem einnig komst á markað 1974 og geymdi hin hliðin engu lakara lag sem er söngurinn "Stone" og eru þau bæði eftir Lobo og þóttu gefa ágætustu vísbendingu um tónlistarhæfileika höfundar síns.

Lobo gaf út á ferlinum einar 17 stúdíóbreiðskífur á ferlinum og kom fyrsta með honum út eins og áður segir árið 1971 og nýjasta plata hans er frá árinu 2010 og ber titilinn "Propinquity" Nýrra efni er ekki að finna eftir hann. Einnig er fjöldin allur til af smáskífum sem hann hefur gefið út og teygja sig aftur til ársins 1964 og er nýjasta smáskífan skráð árið 1985.

Lobo, Rolant Kent Lavoie, þiggur í dag hálf eftirlaun og býr með konu sinni Susie á Flórída. Hvort hann fæst enn við músík er ekki gott að segja þó gera megí ráða fyrir því, að alltént nokkru leiti.

Hluti platna með Lobo.



Til gaman og vonandi einnig fróðleiks.
Kveðja KRF. Höfundur.

14 júlí 2016.